

Hver endurskoðun aðaluppdráttar	kr. 7.000
Endurnýjun leyfis án breytinga	kr. 5.000
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	kr. 11.500
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	kr. 11.500
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	kr. 7.000
Framkvæmdaleyfi	kr. 11.500
Fyrir grenndarkynningu	kr. 32.500
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	kr. 20.000

Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi: Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað, þó að undanskildum auglýsingarkostnaði.

3. gr.

Sveitastjórn Rangárbings ytra er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2003 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2003 er 278 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárbings ytra 7. júlí 2003.

Rangárbingi ytra, 7. júlí 2003.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri Rangárbings ytra.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Skeggjastaðahrepps, nr. 426/2000.**

1. gr.

51. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
3. *Atvinnumálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast hlutverk hafnarstjórnar skv. 13. gr. hafnalaga nr. 61/2003, skipulags- og byggingarnefndar skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og húsnaðisnefndar skv. 6. gr.

laga um húsnæðismál nr. 44/1998. Þá fer nefndin með ferlimál fatlaðra og umhverfismál auk annarra verkefna sem henni kunna að verða falin samkvæmt erindisbréfi eða ákvörðun sveitarstjórnar.

4. *Skólanefnd grunnskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Jafnframt fer skólanefnd með málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
 5. *Stjórn bókasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997. Formaður stjórnar verður aðalfulltrúi í fulltrúaráði héraðsskjalasafns Austfirðinga og ritari varafulldrúu skv. 3. gr. stofnsamnings safnsins.
 6. *Barnaverndarnefnd*. Samstarfsnefnd með Vopnafjarðarhreppi og Seyðisfjarðarkaupstað. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
 7. *Almannavarnarnefnd*. Samstarfsnefnd með Vopnafjarðarhreppi. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
 8. *Fjallskilanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með fjallskilamál samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
- B. Auk framanritaðs kýs hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps eða tilnefnir fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, svo og fulltrúa á aðalfundi eftir þeim reglum sem um það gilda á hverjum tíma. Þessar stofnanir eru m.a.:
- Samband íslenskra sveitarfélaga,
Hafnarsamband sveitarfélaga,
Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi,
Héraðsnefnd Múlasýslna,
Skólaskrifstofa Austurlands,
Heilbrigðiseftirlit Austurlands,
Sundabúð, elliheimili á Vopnafirði,
Þjónustuhópur aldraðra.
- C. Hreppsnefnd fer með málefni eftirfarandi nefnda:
1. Hafnarstjórnar, sbr. 1. tölu. 8. gr. hafnalaga, nr. 61/2003.
 2. Félagsmálanefndar, sbr. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
 3. Jafnréttisnefndar, sbr. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 59. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Fyrir lok desembermánaðar skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir sveitarsjóð, fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd.

3. gr.

Í stað orðanna „eins mánaðar“ í 62. gr. samþykktarinnar kemur: tveggja mánaða.

Samþykkt þessi, sem samin er af hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. júlí 2003.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.